HAFNARFJARÐARHÖFN

Fjárhagsáætlun 2027

Greinargerð hafnarstjóra við framlagningu fjárhagsáætlunar



Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2027 byggir m.a. á eftirfarandi forsendum:

- Umfang rekstrar og afkoma verði með svipuðum hætti og á yfirstandandi ári.
- Áfram fjölgun í skipakomum og landaður afli um 50 þús tonn.
- Aukning í vöruflutningum – einkum lausavöru til Hfj. hafnar.
- Komum farþegaskipa fækkar aðeins frá 2026 sem var metár.
- Gjaldskrá hafnarinnar mun hækka frá 1. janúar 2027 um 2,5%.
- Almennur rekstrarkostnaður verður nánast óbreyttur milli ára.
- Amennum starfsmönnum verður fjölgað til að mæta auknu álagi.
- Lífeyrisskuldbinding lækkar og heildarlaunakostnaður áætlaður nánast óbreyttur.

- ***Helstu nýframkvæmdir og skipulagsvinna á árinu 2027:***
- Unnið verður við landfyllingar og hafnargarða fyrir Hamarshöfn.
- Framkvæmdir hefjast við stækkun á Hvaleyrarbakka til austurs um 80 m.
- Haldið verður áfram endurbótum á þili Suðurbakka.
- Farið verður í endurnýjun á fenderum við súrálsbakka í Straumsvík.
- Undirbúningsvinna fyrir byrjun landfyllinga við nýja höfn í Straumsvík.
- Útfærslur og undirbúningur fyrir uppbyggingu á Flensborgarsvæði.

Samanburður áætlana 2026 og 2027

	2026	2027	
Hafnargjöld	668.000	708.500	aukinn afli og vöruflæði
Seld þjónusta	296.500	304.500	
	964.500	1.013.000	
Leigutekjur	118.653	113.000	fækkun lóða v. Óseyrarbr.
Aðrar tekjur	2.000	7.500	
Tekjur alls	1.083.153	1.133.500	
Launakostn. samtals	-396.824	-388.737	
... þar af lífeyrisskuldb.	-26.000	-19.000	
Vöru- þjónustukaup	-280.616	-287.691	samantekið rekstur, skattar
Annar kostnaður			framlög og styrkir
Samtals rekstur	-703.440	-676.428	
Afskr. fastafjárm.	-132.000	-142.000	hækkun v. fjárfest.
Fjárm.gjöld/tekjur	64.190	98.960	
Afkoma áætlað	331.162	414.032	


Almennur rekstur:


Á síðustu árum hefur orðið jöfn og stöðug aukning í innflutningi til Hafnarfjarðarhafnar, s.s; jarðefni, asfalti, sementi, byggingarvörum og öðrum lausavörum. Jafnframt hefur verið aukning í útflutningi á brotajárni. Þá hefur löndun á sjávarafurðum aukist töluvert. Þannig var yfir 50 þús. tonnum af bolfiski og rækju landað í höfninni á árinu 2025 og allt stefnir í svipað aflamagn á þessu ári. Hafnarfjarðarhöfn er nú orðin að nýju, ein af stærstu fiskihöfnum landsins.


Allt bendir til frekari aukningar innflutnings á næsta og næstu árum. Húsasmiðjan er að hefja byggingu á stórri vörugeymslu og lagerhúsi við Hvaleyrarbakka sem mun þýða viðbót í innflutningi á byggingvörum. Þá er innflutningur á tilbúnum húseiningum einnig að aukst töluvert.

Stöðuleiki er í innflutningi til Straumsvíkurhafnar, en um 750 þús tonn fara árlega í gengum höfnina, þar af um hálf milljón tonna af súráli. Nokkur malarskip hafa einnig losað farma sína í Straumsvík ár hvert, en hafnarbakkar í Hafnarfjarðarhöfn eru mjög ásetnir á háannatíma frá vori og fram eftir hausti.

Samhliða þessum aukna innflutningi og löndunum, hafa skipakomur aukist umtalsvert eða um allt að 30% á síðustu 5 árum. Fyrstu átta mánuði þessa árs komu til Hafnarfjarðarhafnar 411 stærri skip, en skipakomur voru á sama tíma í fyrra 373 talsins.







Það stefnir því í að komur stærri skipa verði um og yfir 600 talsins á árinu, en á sl ári voru þær samtals 548. Mesta aukningi er í komum vöruflutingaskipa, en einnig er þó nokkur aukning í komum togskipa, bæði innlendra og erlendra. Þá var metfjöldi farþegaskipa til Hafnarfjarðar á sl. sumri eða samtals 32 komur. Oftsinnis voru tvö skipa saman í höfn og í fyrsta sinn í sögu hafnarinnar voru 3 farþegaskip samtímis í höfninni þann 20. júlí.


Á fyrstu 8 mánuðum ársins var landað nær 36 þúsund tonnum af bolfiski. Um 20 þúsund tonn koma frá erlendum togurum og nær 16 þúsund frá innlendum togurum og bátum. Þetta er um 7 þúsund tonnum meiri afli en á sama tíma árið 2025. Það stefnir því er gott löndunarár eða um og yfir 50 þúsund tonn.


Mikil aukning hefur verið í innflutningi á malarefni eða tæp 80 þúsund tonn fyrstu 8 mánuði árins á móti liðlega 46 þúsund tonnum á sama tímabili í fyrra. Einnig er þó nokkur aukning í innflutningi á olíu og asfalti en nokkru minna hefur verið flutt inn af salti en á sl. ári, en tíðarfar var mjög gott á fyrstu mánuðum ársins. Þá hefur einnig verið aukning í útflutningi á brotajárni.

Komur farþegaskipa voru fleiri en nokkru sinni fyrr á liðnu sumri, eða samtals 32 en hafa verið að jafnaði um 20-25 undanfarin ár. Fækkun verður á komandi ári sem er einkum vegna óvissu um tolla-og skattamál svonefndra hringsiglingaskipa sem hefur dregið úr bókunum skipafélaganna. Viðunandi úrlausn er loks komin í skattmálin, en áhrif samdráttar mun gæta næstu 2-3 ár.

Að líkindum verða tekjur hafnarsjóðs á árinu 2026 hátt í 1,2 milljarðar sem er nokkuð umfram fjárhagsáætlun. Aukningin er fyrst og fremst vegna viðbótar í aflagjöldum, bæði vegna aukinar löndunar og hærri fiskverðs. Gert er ráð fyrir sambærilegum tekjum á árinu 2027 eða um og kringum 1.2 milljarð króna og umfang verði ámóta í afla- og vörugjöldum. Lóðartekjur mun lækka lítillega þar sem hluti af fyrrum hafnarlóðum á Óseyrarsvæði eru nú að fara undir íbúðabyggð.


Launkostnaður mun verða sambærilegur á komandi ári, þrátt fyrir fjölgun stöðugilda, þar sem töluverður launakostnaður féll á yfirstandandi ár vegna starfslokauppgjöri og tíðra langtímaveikinda, sem kölluðu á viðbótarstarfskraft. Hafnarstjórn samþykkti sl. vor breytingar á starfsskipulagi til að styrkja starfsmannastöðu og starfskipulag. Starfsmönnum mun fjölga á árinu 2027 til að mæta auknu álagi og





útköllum. Launakostnaður á árinu 2026 er áætlaður liðlega 400 milljónir og verður samkvæmt launaáætlun um 400 milljónir á komandi ári.

Almennur rekstrarkostnaður á árinu hefur verið að mestu í samræmi við áætlun en þó ívið lægri en áætlað var í viðhaldsverkefnum. Í heildina munu rekstrarútgjöld hækka óverulega á komandi ári.



Glæsilegur Norðurgarður

Endursmíði Norðurgarðs var lokið á árinu 2026 og er garðurinn og næsta umhverfi allt hið glæsilegasta. Einstaklega vel tókst til með þetta verkefni sem var skrautpunktur við hinn vinsæla strandstíg bæjarins sem liggurá strandlengjunni allt frá Langeyrarmölum og út eftir Hvaleyrarlóni.



Liðlega 80 ár eru liðin frá því að fremsti hluti Norðurgarðsins brotnaði niður um allt að 2,5- 3 metra. Með þessari framkvæmd Hafnarfjarðarhafnar að endurbyggja garðinn, færa hann aftur í rétta hæð og klæða harðviðardekki, er búið að útbúa á þessum útverði innri hafnarinnar, glæsilegt útivistasvæði og áningarstað. Undirtektir bæjarbúa hafa verið afar jákvæðar og staðurinn fjölsóttur af öllum kynslóðum frá því opnaðist inn á garðinn á sl. sumri.

Nýr ljósviti 5 m. að hæð í skúlptúrformi, er fremst á garðinum og verður nýja innsiglingarljósið tendrað nú á haustmánuðum. Þar er innfelld lýsing og einnig í setbekkjum ofan við garðinn. Hönnuðir og allir sem þeir sem komið hafa að endurgerð Norðurgarðsins eiga þakkir skyldar fyrir góða vinnu.



Dýpkun fyrir Hamarshöfn

Stærsta framkvæmdaverkefni Hafnarfjarðarhafnar á því ári sem er að líða, hefur verið dýpkun fyrir nýrri Hamarshöfn undir Vesturhamri. Áætlað var að hefja dýpkunarframkvæmdir í lok sl. árs, en það tafðist þar sem búnaður verktaka var ekki tiltækur í tíma. Framkvæmdir hófust í síðari hluta febrúar og hafa staðið yfir í sumar og haust, með smáhléum vegna viðhalds á flutningspramma.

Það er fyrirtækið Sætækni sem annast dýpkunina, en alls verður mokað burt hátt í 50 þús rúmm. til að tryggja um 2,5 til 3 metra dýpi í nýju smábátahöfninni. Verkefnið hefur stækkað nokkuð frá fyrstu hugmyndum, þar sem ákveðið var að tengja flotbryggju við ytri grjót- og varnargarð hafnarinnar, þannig að meira viðlegurými fengist, ekki síst yfir sumartímann.

Dýpkunin hefur gengið vel og haft lítið rask í för með sér fyrir siglingar á svæðinu og starfsemi Siglingaklúbbsins Þyturs. Jafnframt dýpkun fyrir Hamarshöfn var dýpkað innst við Fornubúðir þar sem sett var niður ný flotbryggja þar sem áður var gamli Víkingurinn. Á þeirri bryggju verður viðlega Þróttar og Fiskakletts, nýs björgunarbáts Björgunarsveitar Hafnarfjarðar.

Þegar dýpkun líkur nú fyrir vetrarbyrjun, verður farið í að ganga frá undirlagi fyrir grjótgarðinn sem mun liggja út strandstígnum á móts við íþróttahúsið við Strandgötu. Stefnt er að því að vinna við landfyllingar og grjótgarðinn á árinu 2027 og koma fyrir flotbryggjum í nýju höfninni á árinu 2028.

Viðhald Suðurbakka

Helsta viðhaldsverkefni hafnarinnar á sl. ári var fyrsti áfangi endurbóta á stálþilinu við Suðurbakka. Þetta er elsti hluti stálþilsins í Suðurhöfninni og orðinn hátt í hálfrar aldar gamalt. Þilið var illa farið og var soðin skúffa utan á skemmdir og fyllt með steypu, líkt og endurgerðin var á Óseyrarbryggju fyrir tveimur árum. Stefnt er að því að ljúka þessum endurbótum á næstu 3 árum.



Fjárfestingahreyfingar 2027 -2030

	2026 (áætlun)	2026 (líklegt)	2027 áætlun	2028 áætlun	2029 áætlun	2030 áætlun	
Fjárfesting	630.000	335.000	397.000	525.000	450.000	420.000	
Viðauki							
Lóðasala	-200.000	-123.000	-380.000	-100.000	-100.000	-50.000	
Fjárfestingahreyf.	**305.000**	**112.000**	**17.000**	**390.000**	**350.000**	**370.000**	

Sundurliðun framkvæmda	**2027**	**Sundurliðun**	**2028**	**2029**	**2030**	
Hamarshöfn - landfylling/flotbryggju	150.000	Hamarshöfn	250.000	150.000	100.000	lokafrág.
Suðurbakki - endurbætur	50.000	Suðurbakki	50.000	50.000		
Hvaleyrarbakki - lenging til austurs	80.000	Hvaleyrarb.	100.000	100.000		
Staumsvík - fenderar	25.000	Strv. -fenderar	10.000			
Gatnagerð - malbikun	30.000	Malbikun	15.000		20.000	
Straumsvík - gatnagerð	50.000	Straumsvík höfn	50.000	50.000	100.000	uppsöfnun
Pallbíll - endurnýjun	12.000					
Flensborgarhöfn - uppbygging		Flensb.h.	50.000	100.000	200.000	bakkar
samtals:	**397.000**	samtals:	**525.000**	**450.000**	**420.000**	

Framkvæmdaáætlun til 2030

Tvö stærstu verkefnin í framkvæmdaáætlun komandi árs er áframhaldandi uppbygging nýrrar Hamarshafnar og lenging á Hvaleyrarbakka. Hér er um brýnar og nauðsynlegar framkvæmdir að ræða.

Ljóst er að mikil eftirspurn er eftir aðstöðu og viðlegupláss fyrir minni fiski- og skemmtibáta og skútur í höfninni og því brýnt að halda áfram af fullum krafti við gerð nýrrar smábátahafnar undir Vesturhamri. Í sumar og fram eftir hausti var lokið við dýpkun á svæðinu og næsti áfangi er að fara í landfyllingar og varnargarða. Stefnt er að því að geta lokið framkvæmdum við Hamarshöfn eigi síðar en á árinu 2028.

Unnið hefur verið að útfærslum að lengingu Hvaleyrarbakka til austurs um allt að 80 metra. Um er að ræða staurabryggju til að tryggja áfram gott öldufar við hafnarbakkann. Þessi stækkun mun leysa úr brýnum vanda vegna mikils álags á bakkanum. Stefnt er að því að hefja framkvæmdir á komandi vetri.

Stærsta viðhaldsverkefni hafnarinnar í ár og næstu ár verður endurbætur á stálþili Suðurbakka. Búið er að vinna fyrsta hluta verksins vestast á Suðurbakka þar sem er elsti hluti stálþilsins frá 1980. Stefnt er að því að ljúka þessum endurbótum á næstu 3 árum. Þá þarf einnig að fara í stór viðhaldsverkefni við endurnýjun á fenderum við súrálsbakkann í Straumsvík og nýjar yfirlagnir á álbakka og hluta suðurbakka.

Ný hafnargerð austan Straumsvíkur hefur verið á dagskrá um nokkurn tíma. Verið er að vinna tillögur að áfangaskiptingu þess verkefnis og undirbúa gerð aðkomuvegar að hafnarsvæðinu, þannig að hægt verði að safna þar efni til uppfyllingar og vinnu við varnargarða. Stefnt er að því að hefja vinnu við útlagningu á vegslóða að fyllingarsvæði á komandi ári.

Hafnarfirði 14. október 2026
Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri